

Alþingi  
Erindi nr. P 20/2/2495  
komudagur 21. 5. 2004

Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

Garðabæ 22. maí 2004

Háttvirt Sjávarútvegsnefnd!

Stjórn Bárunnar félags smábátaeigenda í Hafnarfirði og Garðabæ lýsir vonbrigðum sínum yfir framkomnu frumvarpi til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, þar sem að mati stjórnarinnar er nánast um þvingun Dagabátaeigenda yfir í krókaaflamarkskerfið að ræða.

Stjórn Bárunnar gerir kröfu um að valkostirnir verði gerðir sambærilegir með því að setja gólf í dagana og vísar til kröfu LS. um 23ja daga gólf nú undanfarin ár, ella verði gengið hreint og heiðarlega til verks og dagakerfið aflagt með lögum.

Stjórn Bárunnar þykir einnig of bratt farið í skerðingu á dögum við breytt velarafl á bátum með undir 200 ha vél. Skorar einnig á Alþingi að breyta dagsetningunni varðandi breytta vélarstærð þannig, að þeir dagabátaeigendur sem þegar hafa samið um smíði á nýjum bátum verði ekki fyrir skerðingu á dögum velji þeir þá leið að vera áfram í dagakerfinu, þó um aukningu vélarafls verði að ræða.

Stjórn Bárunnar hefir ekkert út á ákvæði um rúllufjöldu að setja.

Virðingarfyllt

Fh. Bárunnar



Gunnar Pálmarson formaður